

Veiðimálastofnunin  
Teitur Arnlaugsson  
sept. 1976.

Seiðakönnun á Svartá í A-Húnavatnssýslu.

Inngangur.

Á fyrri hluta 19. aldar mun hafa verið töluverð lax og silungsveiði í Svartá. Með vaxandi veiðum er líður á öldina fer veiði mjög þverrandi, og svo fer að eftir sjöunda tug hennar veiðist ekki lax í ánni um langt árabil. Árið 1929 er hafist handa við að efla laxastofninn með seiðasleppingum. Árangur þeirra varð þó ekki eins góður og menn höfðu vonað, og vildu margir kenna því um, að flúðir í neðanverðri Blöndu hefðu breytst, og þær orðið illfærari göngufiski enn áður var. Árið 1939 er byggður fiskvegur yfir þessar torfærur. Hann reyndist þó ekki sem skildi og var endurbýggður og bættur árið 1964. Fyrstu árin eftir að ræktunarframkvæmdir hófust var áin friðuð fyrir laxveiðum, en síðan hefst stangveiði í smáum stíl. Síðustu árin hefur verið veitt með 2 stöngum í ánni og hefur veiðitímabilið verið um 3 máð (frá miðjum júní til miðs sept.). Þrátt fyrir fiskvegagerðina og töluverða seiðasleppingu, hefur laxveiðin ekki verið mikil, hæst komist í 729 laxa árið 1972 en flest árin í bilinu 200 - 400 laxar. Sjá töflu 2 um seiðasleppingu árin 1970 - 1975, og laxveiðina 1965 - 1975.

Framkvæmd.

Áin var athuguð frá ármótum Blöndu fram að Stafnsrétt, sem hefur verið framsti sleppistaður laxaseiða undanfarinna ára. Seiðin voru veidd með rafmagnsveiðitæki, og var veitt á níu stöðum. Veiðistaðirnir eru sýndir á korti og stærð þeirra í töflu. Á veiðistað l voru farnar þrjár veiðiyfirferðir, en ein á hinum veiðistöðunum. Seiðin voru greind til tegunda, lengdarmæld, hluti þeirra tekin til aldursákvörðunar, en öðrum sleppt á sömu staði aftur.  
~~ATHUGUNINN VAR SEÐNUÐ ÓGANGA 10-12. AUGUSTI 1974~~

Aldur og vöxtur laxaseiða.

Hluti laxaseiða neðsta veiðistaðar og seiði fremstu veiðistaðanna 6-9 voru aldursgreind. Í ljós kom að mikill lengdarmunur var á jafnaldra seiðum veiðistaðanna. Eins og tveggja ára seiði fremstu veiðistaðanna höfðu lengd tveggja og þriggja ára seiða neðsta veiðistaðar. Slikur vaxtarmunur milli staða sem ekki er lengra á milli, og hafa sömu botngerð og straumlag er harla ótrúlegur,

og ef einhver væri mætti fremur búast við honum á hinn veginn, að seiði í neðsta hlutanum næðu ívið betri vexti. Skýringin á þessum vaxtarmun getur vart verið önnur en sú, að seiðin á neðsta veiðistaðnum hafi öll verið náttúruleg (framleiðsla árinnar) en seiðin á fremstu veiðistöðunum öll sleppiseiði. Kemur það vel heim við það, að ekki veiddist vorgamalt laxaseiði nema á neðsta veiðistaðnum. Í ljósi þessara upplýsinga var aldur laxaseiða annara veiðistaða ákvarðaður. Lengdardreifing, fjöldi og líklegasti aldur laxaseiðanna er sýnd á mynd 1.

Meðallengdir aldurshópa náttúrulegra laxaseiða eru:

Vorgömul	3,6 cm
1 árs	5,8 cm
2 ára	8,2 cm
3 ára	10,1 cm

Virðast flest náttúrulegu seiðin ná göngustærð 4 ára, en þau sumaröldu árinu fyrr.

#### Aldur og vöxtur bleikju og urriða.

Alls veiddust 15 bleikjuseiði og 2 urriðaseiði. Urriðaseiðin voru 7,6 og 12,6 cm að lengd. Bleikjuseiðin fundust svo til eingöngu á fremri veiðistöðunum (6-9).

Lengdir og aldur bleikjuseiðanna er sýndur hér að neðan.

Lengd í cm.	Aldur í árum,	Lengd í cm.	Aldur í árum ,	Lengd í cm.	Aldur í árum,
4,8	0	5,6	0	9,5	1
5,1	0	5,6	0	9,8	1
5,1	0	7,5	1	10,0	1
5,2	0	9,0	1	11,6	2
5,5	0	9,4	1	16,6	3

Bleikjuseiðin sýna mun betri vöxt en laxaseiðin. Svo er í flestum okkar ám, þar sem þau þola betur kulda. Vöxtur laxaseiðanna er bundinn sumarmánuðunum, en bleikjuseiðin hafa einnig oft góðan vor og haust vöxt.

Á neðsta veiðistaðnum, voru farnar þrjár veiðiyfirferðir, og var veiðanleiki 1 árs og eldri laxaseiða reiknaður út frá hlutfallslegri minnkun veiðinnar. Veiðanleiki fyrstu yfirferðar reyndist vera 48%, en í öllum þremur yfirferðunum 84%. Í fyrstu yfirferð var veiðanleiki aldurshópanna þessi: eins árs seiða 37%, tveggja ára seiða 63% og þriggja ára seiða 86%. Á öðrum veiðistöðum var farin ein veiðiyfirferð.

Við útreikninga á seiðafjölda þeirra staða, er gengið út frá sömu veiðni. Skekkjan sem af þessu hlýst ætti ekki að vera stórvægileg, í þessu tilviki fremur í þá átt að of meta fjöldann þar sem veiðanleikinn er oftast meiri ef lítið er af seiðum. Til þess að samræma lengd og aldur sumaralinna og náttúrulegra seiða eru sleppi-seiðin talin árinu eldri en þau eru. Það hefur ekki aðrar breytingar í fór með sér, en að sumaröldu seiðin eru talin ná göngustærð 4 ára eins og þau náttúrulegu, en sá fjöldi sem henni nær helst óbreyttur. Vorgömul laxaseiðu fundust einungis á neðsta veiðistaðnum. Þau voru ekki öll hirt, þar sem mjög seinlegt er að tína upp, svo smá seiði. Er þeim sleppt í útreikningum á seiðafjölda þess staðar. Útreikningar á seiðafjölda eins árs og eldri laxaseiða eru sýndir á töflu 1.

Tafla 1. Seiðafjöldi eins árs og eldri laxaseiða.

Veidi-staður	Stærð veiðisv. í m <sup>2</sup> .	Fj. veiddra seiða í 1 yfirferð	Fj. 1 árs seiða <sub>2</sub> 100 m.	Fj. 2 ára seiða <sub>2</sub> 100 m.	Fj. 3 ára seiða <sub>2</sub> 100 m.	Heildrafj. á 100 m <sup>2</sup> .
1	360	64	24.0	11,4	1.9	37,3
2	225	10	3,6	2.1	2.0	7,7
3	315	44	10,3	11,1	3.0	24,4
4	420	11	1,9	1,9	0,5	3,3
5	385	11	2,1	1,2	1,5	4,8
6	245	18		7,7	2,8	10,5
7	330	13		4,3	0,7	5,0
8	550	1				
9	375	1				

Á töflunni kemur fram að seiðafjöldinn er lang mestur á veiðistöðum 1 og 3. Í góðum ám er seiðafjöldi 1 árs og eldri laxaseiða oft á bilinu 50-80 á 100 m<sup>2</sup>. Tveir bestu staðirnir í Svartá geta því talist sémilega góðir, en aðrir mjög lélegir.

Af niðurstöðum veiðanna sem koma fram í töflunni verður gönguseiðafjöldinn að vori áætlaður og svo endurheimta hans.

Gengið verður út frá eftirfarandi:

- a. að 3 ára seiðin (það er 3 ára náttúrul. og 2 ára sumaralin) nái göngustærð að vori.
- b. að meðaltal veiðinnar á veiðistöðum 1-7 endurspegli seiðafjölda 3 ára seiða árinnar.

- c. að árhlutinn frá ármótum Blöndu að veiðistað 7 sé 18 km meðalbreidd 18 km.
- d. að náttúruleg dánartala 3 ára seiðanna frá veiðidegi til sjógöngu að vori sé 50%.
- e. að endurheimta á sjógönguseiðum sé 15%.

Samkvæmt þessum útreikningum eiga 2867 gönguseiði að fara til sjávar á næsta vori. Með 15% endurheimtu eiga þá 430 laxar að skila sér.

#### Niðurstöður.

Vorgömul laxaseiðu fundust einungis á neðsta veiðistaðnum. Eins árs laxaseiði af náttúrulegum uppruna fundust fram að Torfastöðum, en þau voru allsstaðar í litlu magni nema á neðsta veiðistaðnum. Virðist því flest benda til þess, að laxinn leiti lítið framar en að Bólstaðarhlið til hrygningar, þó nóg sé af hrygningarstöðum þar fyrir framan. Bleikju og urriðastofnarnir eru litlir, og er vart nein samkeppni milli þeirra og laxastofnsins,

Á þeim stöðum þar sem áin var rafveidd voru ágætis uppelsisskilyrði fyrir lax hvað varðar botngerð og straum. Sleppiseiðin ná sama vexti á öllum veiðistöðunum. Seiðamagn árinnaðar bendir til þess að hún gefi af sér 300-500 laxa á ári.

Tafla 2.

Seiðasleppingar í Svartá árin 1970-1975.

	Sjógönguseiði	Sumaralin seiði.
1970	3000	8000
1971	4000	5000
1972	5000	4000
1973	4700	8000
1974	2500	12000
1975	1900	10000

Laxveiðin árin 1965-1975.

1965	403 laxar
1966	230 laxar
1967	190 laxar
1968	203 laxar
1969	152 laxar
1970	452 laxar
1971	609 laxar
1972	726 laxar
1973	565 laxar
1974	420 laxar
1975	232 laxar.
76	96
77	46
78	295
79	469
80	444
81	187
82	73
83	148


Mynd 1.

Svartá:Lengdardreifing,fjöldi

og aldur veiddra laxaseiða.

Maí 1978

fjöldi



vorgöm, náttúruleg

tveggja ára, náttúruleg,

og eins árs sumaralin

eins árs, náttúruleg

þriggja áranáttúruleg,

og tveggja ára sumaralin

tveggja ára, náttúruleg

þriggja ára, náttúruleg

þriggja ára, sumaralin

